Nd. **126. Nefndarálit** [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. þetta á nokkrum fundum sínum.

Frv., sem er stjórnarfrv., felur í sér nokkrar breytingar og viðauka við 1., 2., 42., 65. og 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og auk þess er lagt til í frv., að 64. gr. laganna verði með öllu felld niður. Frv. nákvæmlega sama efnis og þetta var flutt af allsherjarnefnd Nd. á Alþingi 1957—58 (101. mál, þskj. 217), en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Fylgdi frv. þá ýtarleg greinargerð og athugasemdir nefndar þeirrar, sem annazt hefur samningu þess (hegningarlaganefndar), en í henni eiga sæti þeir hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson (formaður) og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Allsherjarnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. nóv. 1960.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Alfreð Gíslason. Gunnar Jóhannsson.